

Jóhannes Óli Sæmundsson, námsstjóri og ritstjóri

Afhending 2012/37

Jóhannes Óli Sæmundsson fæddist þann 10. júlí 1906 að Stærra-Árskógi á Árskógsströnd. Hann var tveggja ára þegar móðir hans lést og hann fór í fóstur til hjónanna Jósteins Jónssonar og Jórunnar Kristjánsdóttur. Jóhannes ólst að mestu upp hjá Jósteini og Jórinni, fyrst að Ytra-Kálfskinni en síðan í Hátúni.

Árið 1929 útskrifaðist Jóhannes með kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands og starfaði í 26 ár sem kennari og skólastjóri á Árskógsströnd. Árið 1955 flutti Jóhannes í Glerárþorp á Akureyri og var ráðinn námsstjóri á Austurlandi þar sem hann starfaði í 7 ár. Hann var ráðinn fyrsti skólastjóri Þelamerkurskóla árið 1963 og var þar eitt ár en einnig starfaði hann eitt ár í Glerárskóla.

Jóhannes vr bókaunnandi og átti stórt bókasafn. Fljótlega eftir að hann flutti til Akureyrar stofnaði hann fornbókasöluna og bókaútgáfuna Fögruhlíð. Bóksöluna rak hann til dauðadags.

Jóhannes var mjög virkur í allskyns félagsmálum. Hann var formaður Ungmennafélagsins Reynis á Árskógsströnd í 10 ár og sat í stjórn þess í 20 ár. Hann var einn af stofnendum Styrktarfélags vangefinna á Norðurlandi, var lengi formaður þess og einn helsti baráttumaður fyrir stofnun Vistheimilisins Sólborgar. Þegar Sólborg hóf rekstur var Jóhannes ráðin framkvæmdastjóri heimilisins.

Árið 1971 stofnaði Jóhannes tímaritið Súlu í samstarfi við Erling Davíðsson. Jóhannes var ritstjóri tímaritsins um tíma en einnig kom hann að útgáfu ýmissa rita í gegnum Sögufélag Eyfirðinga. Þá vann hann árum saman að örnefnasöfnun í Eyjafirði.

Árið 1934 kvæntist Jóhannes Svanhildi Þorsteinsdóttur. Þau eignuðust 3 dætur.

Jóhannes Óli lést árið 1982.

Hjörtur Arnórsson afhenti skjölin. Aðrar afhendingar frá Jóhannesinu eru 153, 367 og 2003/13.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
16. apríl 2020

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
A-Jóhannes Óli Sæmundsson			
A-Jóhannes Óli Sæmundsson		1926 - 1926	
Jóhannes Óli Sæmundsson (1906-1982), skólastjóri			2012 / 37
2012 - A / 1	1	1926- 1926	Dagbókarbrot frá 11. júlí til 30. september 1926
			Fannst inni í almannaki úr fórum Jóhannesar, líklega skrifað af honum